

103. fundur

103. fundur skipulags- og bygginganefndar Stykkishólmsbæjar var haldinn þriðjudaginn 15. janúar 2008, kl. 17:00 á Ráðhúsloftinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Emil Þór Guðbjörnsson, Hermundur Pálsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Aðalgata 17, bankaútibú.
Sigurður P. Kristjánsson f.h. Kaupþings banka sækir um leyfi til að byggja bankaútibú á lóð nr. 17 við Aðalgötu samkvæmt teikningum frá Staðalhúsum dags. nóv. 2007. Stærðir: 280,6 m², 1.262,9 m³.
Erindi samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur, þeirra Emils og Guðmundar. Byggingafulltrúa er falið að ræða við hönnuð um möguleika á að brjóta útlit hússins upp. Gjöld samtals kr.

Bókun nr. 1 við lið nr. 1. Emil telur að útlit falli ekki að nánasta umhverfi og megi koma meiri metnaður Kaupþings banka á byggingu.

Bókun nr. 2 við lið nr. 1. Undirritaður getur ekki fallist á óbreytt útlit. Guðmundur Kristinsson.
2. Stöðuleyfi fyrir skúr á ræktunarlandi nr. 137452
Hannes K. Gunnarsson kt. 121033 4029 óskar eftir leyfi til að staðsetja skúr á ræktunarlandi sem hann hefur til umráða sbr. bréf dags. 11.01.'08.
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs í senn. Gjöld samtals kr.
3. Breyting á lóðarstærð við Sundabakka nr. 1a.
Lögð fram tillaga að lóðarstækkun við Sundabakka nr. 1a vegna bílskúrs sem byggður var árið 1998.
Erindi samþykkt.
4. Hamraendi 4, atvinnuhúsnaði.
Þórarinn Sighvatsson kt. 010571-3679 sækir um f.h. lóðarhafa Jónatans Sigtryggssonar um að byggja stálgrindarhús á lóð við Hamraenda nr. 4, samkvæmt teikningum frá KM byggingum/Kristófer Magnússyni dags. 15.01.'08. Stærðir: 803 m², 4.711 m³. Einnig er óskað eftir að bílastæði á lóð verði fyrir framan hvert bil samanber bílastæði á lóð við Hamraenda 3.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum. Gjöld samtals kr.

5. Önnur mál.

BV.